

Árshátið Myllubakkaskóla
19. mars kl. 13:00

Árshátið Myllubakkaskóla verður föstudaginn
19. mars í Íþróttahúsinu við Sunnubraut.
Nemendur mæta kl. 12:45.



Þema: Um víða veröld

Skemmtidagskrá:

Upphafsatriði

- 2. bekkur: Noregur
 - 5. bekkur: Danmörk
 - 7. bekkur: Bahamas
 - 1. bekkur: Mexíkó
 - 8. bekkur: Indland
 - 4. bekkur: Spánn
 - 9. bekkur: Bandaríkin
 - 6. bekkur: Kenya
 - 3. bekkur: Kína
 - 10. bekkur: Undraland
- Lokaatriði



Eftir sýningu býður foreldrafélagið upp á skúffuköku og drykk í b - sal.



Sólvallagötu 6a 230 Keflavík
Sími: 420 1450 Fax: 420 1459
Netfang: mylla@myllubakkaskoli.is

Myllan

FRÉTTABRÉF

1. tbl. 26. árgangur mars 2010

Í þessari Myllu

Stóra upplestrarkeppnin
Tækni-legó-námskeið
Skólahreysti
Ræðukeppni grunnskólanna
9. bekkur að Laugum
Skráning í FS
Barnahátið í Reykjavík
Fréttir frá foreldrafélaginu
Fjáröflun 10. bekkinga
Páskafri
Páskabingó
Árshátið

Tækni - lego - námskeið

Nú stendur yfir Tækni- legónámskeið fyrir nemendur í 1. - 8. bekk. Leiðbeinandi er Jóhann Breiðfjörð og er nemendum m.a. kennt að nota tannhjól, girun, mótora o.fl. Allir fá aðstoð við að skapa sín eigin módel. Námskeiðið er þrjá fimmtudaga í röð og lýkur fimmtudaginn 18. mars.



Stóra upplestrarkeppnin

Lokahátið Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk var haldin fimmtudaginn 4. mars. Tólf keppendur úr 6 skólum tóku þátt og þóttu standa sig með prýði. Keppendur lásu úr sögu eftir Ármann Kr. Einarsson, ljóð eftir Þorstein frá Hamri og ljóð að eigin vali. Fulltrúar Myllubakkaskóla voru Bjarki Freyr Ómarsson og Lísbet Helga Helgadóttir. Þau voru glæsilegir fulltrúar og voru sér og skólanum til sóma.



Skólahreysti

Fimmtudaginn 18. mars mun Myllubakkaskóli taka þátt í skólahreysti. Skólahreysti er liðakeppni og sendir hver skóli eitt keppnislið skipað tveimur drengjum og tveimur stúlkum úr 9. - 10. bekk. Fulltrúar Myllubakkaskóla verða Rán Ísöld Eysteinsdóttir, Margrét Böðvarsdóttir, Davíð Birgisson og Þorbjörn Þórðarson. Keppnin hefst kl. 19:00 í Smáranum í Kópavogi. Rúta fer frá skólanum kl. 17:30 og hvetjum við alla nemendur í 7. - 10. bekk til að mæta og hvetja keppendur. Ferðin kostar 1000 kr. Foreldrafélagið styrkir ferðina um 500 kr. á mann. Nemendur þurfa að skrá sig og borga 500 kr. hjá ritara skólans í síðasta lagi miðvikudaginn 17. mars.

Ræðukeppni grunnskólanna

Á næstu dögum munu nemendur úr 10. bekk taka þátt í Mælsku- og rökræðukeppni grunnskóla Reykjaneshæjar og Fjörheima. Þessi keppni er í anda MORFÍS keppninnar þar sem framhaldsskólar landsins spreyta sig í mælskulist. Lið Myllubakkaskóla, skipað þeim Viktori Inga, Hrefnu og Njáli, keppir við lið Heiðarskóla í fjögurra liða úrslitum. Umræðuefni kvöldsins hefur ekki verið ákveðið en mun án vafa verða skemmtilegt og skapa áhugaverðar rökræður á milli liða. Allar nánari upplýsingar um keppnina verða settar á heimasíðu skólans :-)



9. bekkur að Laugum

Mánudaginn 22. mars fara 9. bekkingar í skólabúðir að Laugum í Sælingsdal. Þar munu þeir dvelja í 5 daga við leik og störf. Markmið búðanna er að hvetja nemendur til þátttöku í félagsstarfi, örva þá til að láta ljós sitt skína og taka sjálfstæðar ákvarðanir á grundvelli heilbrigðrar skynsemi. Nemendur í 9. HE og 9. IM stefna að því að eiga saman góða daga og fást við skemmtileg viðfangsefni.

Skráning í FS

Þetta árið verður innritun í framhaldsskóla með breyttu sniði miðað við undanfarin ár. Frá 1. apríl þurfa nemendur að sækja um veflykil á vefslóðinni www.menntagatt.is/innritun. Þann lykil þarf að nota við innritunina.

Dagana 12.-16. apríl fer fram svokölluð forinnritun þar sem nemendur þurfa að velja sér einn aðalskóla og annan til vara. Auk þess þurfa þeir að velja sér námsbraut. Námsráðgjafi skólans mun aðstoða nemendur við þessar umsóknir en þar af leiðandi er mikilvægt að sótt hafi verið tímanlega um veflykil.

Val sitt geta nemendur endurskoðað dagana 7.-11. júní, enda hafa þeir þá fengið lokavitnisbúð úr skólanum. Þessa viku er kennslu lokið en námsráðgjafi verður við störf í skólanum og er tilbúinn að aðstoða þá sem vilja. Forráðamönnum mun berast bréf þar sem innritunin er útskýrð nánar en einnig er hægt að leita sér upplýsinga á síðunni www.menntagatt.is

Barnahátíð í Reykjavík



Dagana 19. - 25. apríl verður haldin Barnalistahátíð í Reykjavík. Myndmenntakennara Myllubakkaskóla var boðið að taka þátt í hátíðinni ásamt nokkrum nemenda sinna og valdi hún 7. bekk. Þema verksins er Forvitni - hver er ég? og klippimyndir í viðum skilningi. Nemendur eru byrjaðir að vinna að verkinu og verður spennandi að sjá útkomuna. Sýning á verkunum verður haldin í Listasafni Íslands, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu meðan á hátíðinni stendur en nemendur frá 8 skólum eru þátttakendur.

Foreldrafélagið

- FFM þakkar starfsfólki skólans og öðrum sem gerðu listaviku framkvæmanlega. Fjölbreytileiki verkanna og gleði segja meira en mörg orð.
- Fundur með bekkjarfulltrúum var haldinn í febrúar og þökkum við þeim sem mættu. Við hvetjum bekkjarfulltrúa að hafa samband við stjórn ef þeir þurfa aðstoð af einhverju tagi.
- Skóladagatal á ensku og pólsku var afhent nýbúadeildinni í janúar. Þannig hafa foreldrar barna með tvö tungumál betra tækifæri til að fylgjast með því sem framundan er í skólanum.
- Styrkir sem FFM hefur afhent: Til 10. bekkinga, upp í vorferð þeirra, þar sem þeir hafa verið duglegir að sinna útigæslu í frímínútunum. Til nemenda í 1. og 2. bekk er þeir fengu endurskinsvesti. Eins og undanfarin ár fengu nemendur 10. bekkja blóm í barminn/á úlnlið, á hátíðarkvöldverði þeirra.
- FFM hvetur foreldra að nýta sér fyrirlestrarröð FFGIR (þ.e. allra skóla Reykjaneshæjar) og fylgjast með auglýsingu um fyrirlestur núna í mars.
- Aðalfundur félagsins veður í maí. Það mun vanta í stjórn og ef þú hefur áhuga þá hvetjum við þig að hafa samband á austurg@internet.is
- Minnum að lokum á heimasíðu skólans þar sem hægt er að nálgast fréttir frá FFM.

Með kveðju
Stjórn FFM

Fjáröflun tíundu bekkinga

Með hlýrri dögum vaknar vitundin um vorkomuna. Tíundu bekkingar eru þar af leiðandi farnir að huga að vorferð sinni og eru þegar búnir að panta ævintýraferð í Örafen. Um er að ræða fjögurra daga ferð sem kostar töluverða peninga. Nú stendur yfir sala á kaffi og páskaeggjum til fjáröflunar. Sölnunni lýkur 19. mars og góðgætið verður afhent í vikunni fyrir páskafrí eða í síðasta lagi 26. mars.



Páskafrí
Nemendur byrja í páskafrí
mánudaginn 29. mars og mæta aftur í
skólann samkvæmt stundaskrá
miðvikudaginn 7. apríl.

Páskabingó

Fimmtudaginn 25. mars verður páskabingó á sal skólans.
1. - 6. bekkur kl. 17:00 - 18:30
7. - 10. bekkur kl. 19:00 - 20:30
Spjaldið kostar 100 kr. og verður sjoппa á staðnum.

